

Nd.

92. Tillaga

til þingsályktunar um rýmkun á innflutningsleyfi fyrir sauðfé.

Flm.: Steingr. Steinþórsson, Lárus Helgason, Guðbr. Ísberg.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka fyrir næsta Alþingi, hvort eigi sé unnt að rýmka ákvæði laga nr. 27, 8. sept. 1931, um innflutning sauðfjár til sláturfjársjóta, svo að einstakir menn geti með leyfi ráðuneytisins flutt inn sauðfé, en þó megi haldast fullt öryggi um það, að ekki flytjist til landsins sjúkdómar með hinu innflutta fé.

Greinargerð.

Vegna yfirstandandi fjárhagsörðugleika bænda, og þó einkum þeirra, er sauðfjárrækt stunda eingöngu, stefnir hugur margra að því að fá erlend fjárkyn flutt inn, til þess að reyna að auka verðmæli sauðfjárafurða á þann hátt. Nú hefir verið gerð tilraun með innflutning á skozku holdafé til einblendingsræktar, en ákvæði laganna hindra það, að bændur almennt geti nokkur not haft af þessu í náinni framtíð, nema einhverju sé breytt frá því, sem nú er. Þá er og mikill hugur í mörgum að fá karakulafé til loðskinnaframleiðslu. Þessar kröfur eru orðnar svo háværar, að ekki verður í gegn þeim staðið til lengdar.

Tillaga þessi fer fram á, að stjórnin láti rannsaka fyrir næsta þing, með hliðsjón af þeirri reynslu, sem þá verður fengin um þetta mál, hvort ekki megi gera einstökum mönnum, sem hug hafa á því að leggja fram fé í þessu skyni, léttara fyrir með að fá þau fjárkyn, sem nú er leyfilegt að flytja til landsins.

Sjálfgefið er, að Búnaðarfélagi Íslands, og þá einkum sauðfjárræktarráðunaut þess, verður falin athugun og rannsókn á þessu.